

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 31. maí 2017

21. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



  
**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
YACHT-MASTER 40



  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is



## Áhugi erlendra fjárfesta á Leifsstöð eykst

Forstjóri Isavia segir umræðu um mögulega einkavæðingu Keflavíkurflugvallar hafa leitt til aukins áhuga erlendra fjárfesta. Orðinn fimmti stærsti flugvöllur Evrópu í ferðum til Norður-Ameríku. »6



### »2 Vilja tilboð í Cintamani

Eigendur Cintamani kanna mögulega sölu á íslenska fataframleiðandanum og hafa fengið Beringer Finance til að sjá um samskipti við valinn hóp fjárfesta.

### »4 Tekjurnar upp um 43 prósent

Velta Bláa lónsins í fyrra nam 77,2 milljónum evra eða yfir tíu milljörðum króna. EBITDA-hagnaður var 28 milljónir evra og fjöldi heimsókna fór í fyrsta sinn yfir milljón.

### »8 Kominn tími á að fjárfesta erlendis?

„Þótt vissulega sé innistæða fyrir umtalsverðri raungengishækkun krónunnar er verðsamanburður á milli Íslands og þróaðra stórborga slíkur að talsverðar líkur hljóta að vera á einhverri leiðréttingu til lengri tíma.“

## SJÓNMAELINGAR ERU OKKAR FAG

Tímamantanir:

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500  
Optical Studio í Smáralind, 5288500  
Optical Studio í Keflavík, 4213811

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK





## Bandarískur sjóður í hóp stærstu hluthafa Nýherja

Fjárfestingarsjóður á vegum bandaríska eignastýringarfyrtækisins Wellington Management er kominn í hóp stærstu hluthafa Nýherja með tæplega 1,8 prósent hlut. Þetta er þriðja skráða fyrirtækið í Kauphöllinni þar sem sjóðir í stýringu Wellington Management komast á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa en fyrr á árinu eignuðust þeir talsverða eignarhluti í N1 og Símanum.

Sjóðurinn Wellington Trust Company National Association, sem eignaðist hlut sinn í Nýherja núna í maímánuði, er þannig tólfti stærsti hluthafi félagsins en miðað við núverandi gengi bréfa Nýherja er hluturinn metinn á um 265 milljónir. Markaðsvirði Nýherja er um 14,9 milljarðar – aðeins Skeljungur er með lægra markaðsvirði af skráðum félögum í Kauphöllinni – en gengi bréfa upplýsingatækni-fyrirtækisins hefur hækkað um liðlega 58 prósent frá áramótum.

Tekjur Nýherja jukust um 20 prósent á fyrsta fjórðungi ársins og námu um fjórum milljörðum. Það er ekki síst

# 14,9

milljarðar er núverandi markaðsvirði Nýherja.

góður árangur í hugbúnaðartengri starfsemi Nýherja, meðal annars hjá dótturfélaginu Tempo, sem hefur dregið vagninn í tekjuvextinum. Á árinu 2016 námu tekjur Tempo um 13 milljónum dala og jukust um 40 prósent á milli ára. Á fyrsta fjórðungi var tekjuaukningin 46 prósent. Nýherji skoðar nú þann möguleika að selja meirihluta hlutafjár í Tempo.

Fjárfestingar erlendrar sjóða í skráðum félögum námu 19 milljörðum fyrstu fjóra mánuði ársins borið saman við 11 milljarða á öllu árinu 2016. – ha

Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja



### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

## Microsoft Enterprise Mobility + Security

Verndar tölvur og gögn fyrirtækisins með öryggisbúnaði sem byggir á persónulegri auðkenningu.

microsoft-ems.is



Cintamani rekur sex verslanir hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Óska eftir tilboðum í allt hlutafé Cintamani

Sænska fjármálafyrirtækið Beringer Finance sendi út fjárfestakynningu fyrir hönd eigenda Cintamani. Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum rennur út í lok júní. Formlegt söluférli ekki hafið að sögn framkvæmdastjórans.

Eigendur Cintamani kanna samkvæmt heimildum Markaðarins mögulega sölu á öllu hlutafé íslenska fataframleiðandans og hafa þeir fengið sænska fjármálafyrirtækið Beringer Finance til að sjá um samskipti við valinn hóp fjárfesta. Stutt fjárfestakynning (e. teaser) var send út fyrir skemmstu og fjárfestum gefinn frestur til júníloka til að skila inn óskuldbindandi tilboðum.

Einar Karl Birgisson, framkvæmdastjóri Cintamani, segir formlegt söluférli ekki hafið og að engin ákvörðun hafi verið tekin um hvort fyrirtækið verði boðið til sölu. Beringer hafi verið fengið til að meta næstu skref eftir að eigendum fataframleiðandans barst tilboð í fyrirtækið fyrir nokkrum mánuðum.

„Eigendum félagsins barst tilboð fyrir nokkrum mánuðum og upp úr því leituðu þeir til Beringer til að gera ákveðna kostagreiningu. Það er hvaða kostir eru í stöðunni eftir að

Fyrirtækið er því ekki í eiginlegu söluférli því eigendurnir eru alveg eins líklegir til að stíga önnur skref ef niðurstaða Beringer verður á þá leið.

Einar Karl Birgisson, framkvæmdastjóri Cintamani

tilboðið barst og hvað sé rétta skrefið í stöðunni. Fyrirtækið er því ekki í eiginlegu söluférli því eigendurnir eru alveg eins líklegir til að stíga önnur skref ef niðurstaða Beringer verður á þá leið,” segir Einar Karl.

„Við höfum verið í gríðarlega mikilli uppbyggingu á félaginu innan frá undanfarna fjórtán mánuði. Við skynjum árangur þess og því þótti mér áhugavert að við fengum tilboð í fyrirtækið sem var ekki svarað á annan hátt en að menn

fóru í þessa vinnu með Beringer.“

Cintamani er í eigu Kristins Más Gunnarssonar, stjórnarformanns fyrirtækisins, og Frumtaks slhf. Kristinn á 70 prósent hlut en Frumtak er í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, sex lífeyrissjóða og stóru viðskiptabankanna þriggja.

Heimildir Markaðarins herma að í fjárfestakynningunni hafi áætlaðar tekjur Cintamani á þessu ári verið gefnar upp. Þær eigi að nema um 1.100 milljónum króna og gert sé ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBITDA) muni nema um 145 milljónum króna. Fataframleiðandinn var rekinn með tæplega 30 milljóna króna hagnaði árið 2015 samkvæmt síðasta birta ársreikningi hans. Afkoman þá var mun betri en árið á undan þegar reksturinn skilaði 3,7 milljóna hagnaði. Aðalstarfsemi Cintamani er fölginn í hönnun, framleiðslu og sölu á útivistarfatnaði og rekur fyrirtækið sex verslanir hér á landi.

haraldur@frettabladid.is  
hordur@frettabladid.is

## Opnun lúxushótel seinkar um ár

Stefnt er að verklokum við lúxushótel Icelandair á Landssimareitnum við Austurvöll vorið 2019 og mun opnun þess því seinka um eitt ár. Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Lindarvatns, eiganda bygginganna og lóðanna á reitnum, segir breytingar á deiluskipulagi svæðisins hafa tafist hjá Reykjavíkurborg.

„Við erum að bíða eftir svörum frá borginni varðandi breytingar á deiluskipulaginu. Þangað til það liggur fyrir gefur borgin ekki út nein framkvæmdaleyfi. Við erum að vonast til að þetta liggi fyrir á allra næstu vikum og að verklok verði vorið 2019,” segir Davíð.

„Við höfum gert borginni grein fyrir því að við erum nokkuð ósatt við hvað þetta hefur tekið langan tíma. Það er leiðinlegt sérstaklega fyrir borgarbúa að þarna í hjarta borgarinnar séu þessi hús í því ástandi sem þau eru og engin starfsemi þar.“



Framkvæmdum við nýtt hótél við Austurvöll átti að ljúka vorið 2018.

Icelandair Group keypti helmingshlut í Lindarvatni í ágúst 2015 af hinum eiganda reitsins, Dalsnesi ehf., sem er alfarið í eigu Ólafs Björnssonar, eiganda matvöruheildverslunarinnar Innness. Lindarvatn stóð í byrjun mars í fyrra fyrir 3,1 milljarðs króna skuldabréfaútgáfu til að fjár-

magna framkvæmdirnar á reitnum. Hótelíð verður 160 herbergja eða ellefu þúsund fermetrar að stærð af þeim fimmtán þúsund sem gert er ráð fyrir á reitnum. Þar verða einnig veitingastaðir, verslanir, íbúðir og að sögn Davíðs einnig að öllum líkindum safn um sögu Alþingis. – hg



# NÝR JAGUAR F-PACE SPORTJEPPI SEM ÞÚ HEFUR BEÐIÐ EFTIR.



ENNEMM / SIA / NMB1926

F-PACE er fyrsti hraðskreiði jeppinn í Jaguar-fjölskyldunni. Hér er kominn ótrúlega hagkvæmur sportbíll sem sameinar einstaka fegurð og snarpa aksturseginnleika. F-PACE er afar afkastamikill og með honum er hægt að velja aldrið eða afturhjóladrið og AdSR-gripkerfi sem greinir mismunandi yfirborð til að tryggja hámarksgrip. Hægt er að velja úr mörgum öflugum vélum sem eyða frá 4,7 l/100 km\* og losa frá 139 g/km í blönduðum akstri. Í bílnum er rúmgóð 650 l farangursgeymsla auk þess sem fjölhæf 40:20:40 sætaskipanin býður upp á allt að 1.740 l farangursrými. Aukin þægindi eru fólgin í tómsundalyklinum, vatnsheldu armbandi sem læsir og aflæsir F-PACE. Hægt er að hafa það á sér í stað lykils með fjarstýringu. InControl upplýsinga- og afþreyingarkerfið sér svo um afþreyingu og tengingu til að allir njóti hvorrar einustu ökuferðar.

[jaguarisland.is](http://jaguarisland.is)

## THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar F-Pace, sjálfskiptur, dísil: Verð frá 7.490.000 kr.

\* Eldsneytisnotkun miðast við uppgæfnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

WORLD CAR OF THE YEAR  
**WINNER**



WORLD CAR AWARDS

**2017**

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





# Tekjur Bláa lónsins upp um 43 prósent

EBITDA-hagnaður Bláa lónsins var 28 milljónir evra í fyrra og hefur næstum þrefaldast á aðeins fimm árum. Tekjurnar fóru yfir tíu milljarða og fjöldi gesta í lónið var rúmlega 1.100 þúsund.

**H**agnaður Bláa lónsins fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var 28,2 milljónir evra á árinu 2016, jafnvirði um 3.150 milljóna króna á núverandi gengi, og jókst um tæplega sjö milljónir evra frá fyrra ári. Á aðeins fimm árum hefur EBITDA Bláa lónsins næstum því þrefaldast.

Vöxtur Bláa lónsins hefur verið gríðarlegur á undanförunum árum. Á því varð engin breyting í fyrra en tekjur félagsins námu þá samtals 77,2 milljónum evra og jukust um meira en 43 prósent á milli ára. Á árinu 2012 námu tekjur Bláa lónsins til samanburðar aðeins 25 milljónum evra. Ársreikningur Bláa lónsins hefur enn ekki verið gerður opinber en Markaðurinn hefur fengið upplýsingar um helstu niðurstöður síðasta rekstrarárs.


Fjöldi heimsóknar fóru í fyrsta sinn yfir milljón talsins en samtals sóttu 1.122 þúsundir gestir Bláa lónið á árinu 2016 og fjölgaði þeim um liðlega tvö hundruð þúsund. Tekjur af sölu í lónið námu um 45 milljónum evra, eða um 58 prósentum af heildartekjum Bláa lónsins, sem jafngildir um sex milljörðum íslenskra króna miðað við meðalgengi evru í fyrra. Það þýðir að gestir Bláa lónsins hafi greitt samtals rúmlega 16 milljónir króna að meðaltali á dag í aðgangseyri í fyrra. Veitingasala var næststærsti tekjupóstur Bláa lónsins og skilaði um 18 milljónum evra, en það er um 125 prósentu aukning á aðeins tveimur árum.



Tekjur Bláa lónsins hafa aukist úr 25 milljónum evra í 77 milljónir evra frá 2012.

FRÉTTABLAÐID/GVA

## EBITDA Bláa lónsins í milljónum evra



Eigið fé Bláa lónsins var 53,6 milljónir evra í lok síðasta árs og eiginfjárlutfall félagsins ríflega 49 prósent. Arðsemi eigin fjár nam tæplega 44 prósentum í fyrra og vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins eru aðeins um 34 milljónir evra. Aðalfundur Bláa lónsins fer fram eftir um tvær vikur og þar verður lögð fram tillaga um greiðslu arðs til hluthafa vegna síðasta rekstrarárs. Í fyrra greiddi Bláa lónið 1,4 milljarða í arð.

### 30 milljarða verðmiði?

Hlutafélagið Hvatning er stærsti eigandi Bláa lónsins með ríflega 39 prósentu hlut. Framtakssjóðurinn Horn II, sem er í eigu lífeyrissjóða, fjármálfyrirtækja og annarra fagfjárfesta, á 49,45 prósentu hlut í félaginu en Kólfur heldur hins vegar utan um 50,55 prósentu hlut í Hvatningu. Eig-

endur Kólfs eru Grímur Sæmundsen, forstjóri og stofnandi Bláa lónsins, (75 prósent) og Eðvard Júlíusson (25 prósent). Þá á eignarhaldsfélagið Keila 9,2 prósentu hlut í Bláa lóninu en það er í meirihlutaeigu Hvatningar. Aðrir hluthafar í Keilu eru Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og varaformaður stjórnar Bláa lónsins, og ýmsir stjórnendur Bláa lónsins. HS Orka er næststærsti hluthafi Bláa lónsins með um 30 prósentu hlut.

Þá er einnig að finna ýmsa aðra einkafjárfesta sem eru umsvifamiklir í hluthafahópi Bláa lónsins. Þannig á Helgi Magnússon, stjórnarformaður og fyrrverandi varaformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, um 6,2 prósentu hlut í gegnum félagið Hofgarða. Þá á Sigurður Arngrímsson, fjárfestir og fyrrverandi starfsmaður Morgan Stanley í London, um fimm

prósenta hlut og Ágústa Johnsen, framkvæmdastjóri og einn eigenda Hreyfingar, á um þrjú prósent í gegnum einkahlutafélagið Bogmanninn.

Tilkynnt var um það fyrr í þessum mánuði að HS Orka, sem er í meirihlutaeigu kanadíska orkufyrirtækisins Alterra, hefði ákveðið að kanna mögulega sölu á hlut sínum í Bláa lóninu. Ljóst er að sá hlutur er gríðarlega verðmætur. Sé litið til þess að Bláa lónið skilaði EBITDU upp á rúmlega 28 milljónir evra í fyrra – og væntingar eru um áframhaldandi vöxt samhliða auknum straumi ferðamanna til landsins – þá má gróflega áætla að heildarvirði fyrirtækisins sé um 260 milljónir evra, eða tæplega 30 milljarðar króna á núverandi gengi. Hlutur HS Orku gæti því verið metinn á um nju milljarða.

hordur@frettabladid.is

**Viðskiptahúsið hefur um árabíl veitt fyrirtækjum og fjárfestum aðstoð og ráðgjöf við kaup og/eða sölu fyrirtækja eða að þróun viðskiptatækifæra.**

**Erum með eftirfarandi fjárfestingartækifæri í ferðaþjónustu:**

- Fyrirtæki með tvær íbúðir í skammtímaútleigu í miðbæ Reykjavíkur
- Hótel starfandi á höfuðborgarsvæðinu
- Sérhæfð ferðaskrifstofa í góðum rekstri
- Gistiheimi staðsett á Höfn í Hornafirði

Leitum að fjárfesta til uppbyggingar á nýjum áhugaverðum afþreyingarkosti á Vesturlandi.

Frekari upplýsingar veitir Ólafur Steinarsson, gsm 822-7988 eða sendið fyrirspurnir á netfangið olafur@vidskiptahusid.is





BANG & OLUFSEN



# HP ELITE SLICE

## Fegurð. Afl. Hugvit.



### Ný nálgun

HP Elite Slice er einstaklega nett og frábærlega hönnuð. Algjörlega ný nálgun þegar kemur að hönnun borðtölvu.



### Fjölhæf lausn

Settu Slice upp á þá vegu sem hentar þínu umhverfi með mismunandi viðbótareiningum.



### Afl og öryggi

Með öflugum Intel® Core™ i5-6500T Quad Core örgjörva og HP öryggislausnum fyrir fyrirtækjaumhverfi.



keep reinventing





Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, segir starfsmannafjölda og fjölda farþega á Keflavíkurflugvelli hafa tvöfaldast á einungis tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Einkavæðingartal nær eyrum fjárfesta

Forstjóri Isavia hefur fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta í kjölfar umræðu um mögulega einkavæðingu Keflavíkurflugvallar. Orðinn fimmti stærsti flugvöllur Evrópu í ferðum til Norður-Ameríku og forstjórinn óttast ekki uppþot þar sem unnið sé að stækkun.

Haraldur Guðmundsson  
haraldur@frettabladid.is

**B**jörn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, segir umræðu síðustu vikna um mögulega einkavæðingu Keflavíkurflugvallar hafa leitt til aukins áhuga erlendra fjárfesta á framvindu málsins. Forstjórinn segir ótækt ef aðskilja ætti tvo helstu tekjustrauma flugvallarinn en ítrekar að það sé ákvörðun ríkisvaldsins hvort og þá hvernig völluminn yrði seldur. Starfsfólk Isavia bý síg nú undir annamesta tíma ársins á sama tíma og Keflavíkurflugvöllur sé nýkominn í fimmta sæti af öllum flugvöllum Evrópu hvað varðar fjölda ferða til Norður-Ameríku.

„Ef farið verður út með flugvöllinn í einhvers konar einkavæðingu, sama hvernig hún verður, þá væri eðlilegt að það væri gert í opnu ferli á Evrópska efnahagssvæðinu. Þess vegna verða menn að átta sig á því að ferlið yrði opið og skýrt því mjög margir myndu fylgjast með þessu um alla Evrópu. Menn fylgjast með þessu nú þegar og við heyrum af áhuga flugvallafjárfesta á að koma og tala við okkur. Þessi umræða hefur leitt til þess að við erum farin að heyra meira en áður frá erlendum fjárfestum um hvort þeir megi koma í heimsókn og fá kynningu á fyrirtækinu. Þessir aðilar fylgjast vel með umræðunni hér á landi en mér vitanlega er ekkert komið í gang af alvöru,“ segir Björn Óli.

## Tveir tekjustofnar

Umræðan sem Björn Óli vísar til hófst að nýju um miðjan maí með álit meirihluta fjárlaganefndar

Alþingis við þingsályktun um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2018-2022. Þar segir meirihlutinn að hann telji tímabært að opna umræðu um að ríkið „leiti leiða til að umbreyta því fjármagni sem bundið er í mannvirkjum í flugstöðinni í Keflavík og nota það til átaks í endurbótum samgöngumannvirkja“. Björn hefur síðan þá sagt það óráðlegt ef einungis hluti af rekstrinum yrði einkavæddur.

„Þegar flugvöllir eru einkavæddir þá eru almennt þrjár leiðir sem farnar hafa verið. Ein leið er að útvista rekstrinum til lengri tíma, þannig að einhver ákveðinn aðili taki hann og eignirnar að sér og skili þeim svo aftur. Leið tvö er að fara með flugvöllinn á markað. Þriðji möguleikinn er að selja fyrirtækið í heild sinni eða að hluta,“ segir Björn Óli og bætir við að flugvöllir hafi að jafnaði tvo megintekjustrauma.

„Annars vegar er um að ræða flugtengdar tekjur eða notendagjöldin sem flugfélögin greiða fyrir þjónustu við flugvélar og farþega og hins vegar tekjur vegna annarrar þjónustu eins og útleigu á verslunarrými eða notkun bílastæða. Þessir tveir tekjustraumar eru grunnur flugvallarrekstrar og þeir sem hafa áhuga á rekstri Keflavíkurflugvallar myndu alltaf leitast við að halda þeim. Það er ríkisvaldsins að ákveða hvort það vilji eiga flugvöllinn og rekstur hans eða ekki en mikilvægt er að tekjustreymið sé með þessum hætti og ekki æskilegt að bíta það niður,“ segir Björn Óli.

Telur þú að Isavia geti staðið eitt undir öllum þeim fjárfestingum sem á að ráðast í innan fyrirtækisins á næstu árum? „Isavia er bara eins og hvert annað fyrirtæki í rekstri og ef fyrirtæki telur sig ekki geta staðið

undir fjárfestingum sem ætlunin er að ráðast í þá á það ekki að standa í þeim. Ég tel að Keflavíkurflugvöllur eins og hann er í dag geti staðið undir eðlilegum fjárfestingum. Ég tel að það skipti ekki máli í því sambandi hver eigi flugvöllinn því hann myndi alltaf þurfa að standa undir þeim fjárfestingum sem ráðast þarf í. Ef menn væru að kaupa sig inn í reksturinn, og horfandi á að þar væri mikil áhætta vegna þess að flugvöllurinn gæti ekki staðið undir slíkum fjárfestingum, þá myndu menn greiða lágt verð fyrir flugvöllinn.“

## Nóg pláss eftir

Nú eruð þið í milljarðaframkvæmdum í Keflavík. Hvað ber þar hæst? „Mikilvægasta framkvæmdin sem við stöndum í núna er endurnýjun flugbrautakerfisins. Við ætludum að gera það fyrst um 2008 og þá átti það að gerast helst á morgun. Svo kom hrúnið og það frestaðist en við byrjuðum í fyrra og vonandi náum við að klára brautirnar í ár og það skiptir okkur öll máli að þær séu í góðu standi. Við framkvæmdirnar núna höfum við þurft að loka annarri brautinni á meðan við malbikum hina en þetta verður sennilega síðasta skiptið sem við munum fara þá leið. Næst þegar farið verður í þessa framkvæmd, eftir 15-20 ár, munum við vinna þetta meira í bútum og þá verða brautirnar líklega báðar opnar megnið af framkvæmdatímanum en þær verða þá styttri.“

Björn Óli nefnir einnig framkvæmdir við flugstöðina í Keflavík og að stærsta verkið þar sé stækkun suðurbyggingarinnar til norðurs. Henni er meðal annars ætlað að stækka svæðið undir vegabréfa-



**Fyrir nokkrum árum keyptu erlendir ferðamenn nánast ekki neitt í Fríhöfninni á leiðinni inn í landið. Það hefur breyst.**

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia

eftirlitið en einnig er unnið að framkvæmdum við stæði undir sjö stórar breiðþotur.

„Spurningin fyrir framtíðina er hvað best sé að gera til næstu ára og áratuga, til dæmis hvort eigi fyrst að stækka núverandi flugstöðvarbyggingu eða hefja stækkun flugstöðvarinnar með stækkun austur-fingursins svokallaða. Báðir þessir möguleikar eru stór verkefni, það er ekki komin niðurstaða um á hvorri framkvæmdinni við byrjum en ég held það sé líklegra að við byrjum á að stækka innritunarsalinn og svæðið fyrir vopnaleyfina. Áður en ráðist var í stækkun flugstöðvarinnar 2004 náðu biðaðir innritunarfarþega stundum út úr byggingunni en við erum ekki komin þangað en við þyrftum að finna leið til að stækka aðstöðuna í norðurbyggingunni.“

Hafið þið þurft að neita flugfélögum um afgreiðslu sökum þess hversu mikil eftirspurnin er eftir flugstæðum? „Við sjáum ekki um úthlutun afgreiðslutíma, heldur er það óháður aðili. Sá aðili hefur gert fyrirtækjum ljóst að hér er ekkert laust á háannatíma. Aftur á móti eru enn lausir tímar eins og milli klukkan fimm á daginn og fram undir tíu að kvöldi og eins yfir miðjan daginn, frá níu til 14. Þá getur fólk fengið pláss en flugfélögin

semja oft sín á milli og ná þannig að færa tímana til. Það er nóg pláss eftir í flugstöðinni en þarna er um að ræða þessa álagstíma. Það er ánægjulegt að sjá að tekist hefur að dreifa umferðinni betur yfir sólarhringinn og hafa bæði stóru flugfélögin á Keflavíkurflugvelli náð að dreifa betur úr umferðinni og fjölga farþegum mikið.“

Hefur styrking krónunnar haft áhrif á vöru- og veitingasölu hjá dótturfélaginu Fríhöfninni?

„Það er ljóst að styrking krónunnar hefur áhrif og það er enginn að efast um það. Ferðamönnum finnst verðið á Keflavíkurflugvelli vera mjög hátt og það er orðið dýrt að vera á Íslandi. Ég var á ráðstefnu hér heima um daginn og þar voru allir að tala um hversu mikið þá langaði að koma aftur en að landið væri orðið ansi dýrt. Fyrir nokkrum árum keyptu erlendir ferðamenn nánast ekki neitt í Fríhöfninni á leiðinni inn í landið. Það hefur breyst en við erum aftur á móti ekki að sjá mjög mikla aukningu þegar kemur að vörum eins og áfengi nema hjá fámennum og afmörkuðum hópi.“

## Óttast ekki uppþot

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, sagði á fundi hjá flugvirkarráði í janúar að lítið þyrfti til að uppþot yrðu í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Ert þú sömu skoðunar? „Ég sat þennan fund og Ólafur Helgi var þarna að leggja áherslu á að hlutirnir yrðu að ganga. Við erum búin að vera í miklu samráði við lögregluna svo hún ráði við þennan mikla fjölda sem fer í gegnum flugvöllinn á álagstímum. Bæði ráðherrar og þingið tóku vel í beiðni Ólafs um aukningu hjá lögreglunni og settu í þetta ef ég



man rétt um 230 milljónir umfram það sem var á áætlun. Varðandi mannafla er lögreglan því þokkalega sett fyrir sumarið en lögreglan er einn mikilvægasti hlekkurinn í þessu streymi ferðamanna á milli heimsálfanna en Ólafur var þarna eins og hann gerir stundum að tala svo menn skilji. Það sem hann hafði áhyggjur af var hvenær suðurbyggingin yrði opnuð fyrir vegabréfaeftirlitið, þar sem er orðið mjög þröngt, en það er á áætlun að hún verði opnuð rétt fyrir miðjan júní. Þá myndast aukíð pláss og raðir eiga ekki að ná niður að rúllustiganum. Nú fáum við hópinn þangað upp og tökum líka í notkun sjálfvirk vegabréfahlið eins og fólk hefur eflaust séð á flugvöllum erlendis. Og nú geturðu farið í gegnum vegabréfaeftirlit á þess endilega að ræða við lögreglumenn með nýjum vegabréfum. Þá mun fjöldinn sem fer í gegnum vegabréfaeftirlit aukast úr 2.600 manns á klukkustund í 4.000 og hraðinn mun því aukast mikið.“

*Hvað hafði þið gert til að mæta þessum auknu umsvifum sem hafa fylgt fjölgun ferðamanna síðustu ár?* „Við höfum auðvitað stækkað flugstöðina mikið, fjölgað flugvéla-staðum og aukið sjálfvirkni. En svo höfum við einnig fjölgað starfsfólki mikið, sérstaklega í flugvernd og þar höfum við sett okkur ákveðin markmið um að halda biðtíma farþega í lágmarki. Kröfur til flugverndar og öryggis eru alltaf að aukast og núna sem dæmi er umræðan um hvort Bandaríkjamenn banni fartölvu í flugi til og frá Bandaríkjunum. Á sama tíma hefur fjöldinn aukist og við höfum því verið að bæta við okkur mikið af fólki og atvinnuleysi á Suðurnesjum er orðið eitt-hvað sem tilheyrir fortíðinni. Við höfum sett upp nýjan leitunarbúnað

þannig að hraðinn í gegn er orðinn mun meiri. Við erum líka búin að gera annað og það er að færa starfsfólk í gegnumlýsingu inn í rólegt og hljóðlætt herbergi og standa þau nú ekki lengur frammi. Allt þetta lýtur að því að menn geti unnið betur og hraðar. Ég held að okkur hafi tekist núna að koma þessu í lag og í rauninni á tveimur árum hefur starfsmanna- og farþegafjöldi tvöfaldast.“

*Hvernig hefur gengið að fá fólk í vinnu?* „Það hefur gengið vel og við höfum fengið fjölda góðra umsókna. Hér sóttu yfir þúsund manns um störf fyrir sumarið á meðan við þurftum ekki nema um 400. Við teljum okkur vera samkeppnisfær í launamálum og að utanumhald um starfsfólk sé gott. Flestir koma af Suðurnesjum en einnig fer fólk af höfuðborgarsvæðinu fjölgandi. Ég hittir nokkra stráka um daginn sem búa í Reykjavík og vinna uppi á velli sem voru að tala um að þeir þyrftu að fara að kaupa sér íbúðir á Suðurnesjum. Ég sagði: Bara endilega, strákar,“ segir Björn Óli og hlær.

**Nálgast Schiphol**

Flugferðum frá Keflavík og til Norður-Ameríku hefur fjölgað mikið á síðustu árum og segir Björn Óli að þær séu nú fleiri en frá öllum hinum Norðurlöndunum samanlagt. Samkvæmt nýjustu tölum sé Keflavíkurflugvöllur nú í fimmta sæti af flugvöllum í Evrópu hvað varðar fjölda flugferða til Norður-Ameríku og í sjötta sæti ef einungis er horft á flug til Bandaríkjanna.

„Við eigum eftir að skoða þetta betur en það er ljóst að ef uppbyggingin árið 2018 heldur áfram munum við enn frekar styrkja okkar sæti þar og nálgast Schiphol-flugvöll í Amsterdam. Þetta kom okkur mjög á óvart, okkur flugvallaörðunum



**Að sögn Björns Óla keyptu erlendir ferðamenn áður lítið sem ekkert í verslun Friðhafnarinnar á leiðinni inn í landið. Það hefur nú breyst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR**

hér innanhúss,“ segir Björn Óli. „Þetta sýnir hvað Keflavíkurflugvöllur er orðinn mikilvægur tengivöllur og einn af þeim stóru og sýnir samkeppnina sem við erum í, eða við eins og t.d. Schiphol, Heathrow og Charles De Gaulle í París. Nú verðum við að sinna vel þeirri ábyrgð sem þessu fylgir.“

*Nú er stjórn Isavia pólitískt skipuð. Hver er þín skoðun á því hvernig valið er í ædstu stjórn fyrirtækisins?* „Það er alltaf umræða um hvort það er rétt eða rangt að skipa pólitískt í stjórnir. Það hefur kosti og galla. Kosturinn er að stjórnin hefur

ákveðinn skilning á því hvaða stefnu ríkið, sem eigandi, hefur á ákveðnum tímamarki. Hins vegar eiga stjórnarmenn alltaf, pólitískt skipaðir eða ekki, að hafa hag félagsins fyrir brjosti. Mín reynsla hefur verið að stjórnarmenn hjá Isavia hafa alltaf haft hag félagsins í fyrirrúmi og það hefur leitt til þess að ég hef ekki neina sérstaka djúpa skoðun á þessu.“

*En þið eruð þá jafnvel að fá inn fólk sem hefur litla þekkingu á flugvallarekstri?* „Það sem menn þurfa fyrst og fremst að hafa í huga sem fara inn í svona stjórnir er að þú

þarft að hafa ákveðna rekstrarþekkingu og það eru afar fáir aðilar sem eru með þekkingu á þessu umhverfi sem við vinnum í. Menn með flugvallareynslu hér á landi eru ekki margir og þetta er ákveðin sérhæfing. Ef við ætlum að fá sérfræðinga í þeim málum þyrftum við líklega að leita erlendis. Annars snýr stjórnarstarf fyrst og fremst að góðri eftirfylgni og yfirsýn yfir rekstur og fjármál félagsins. Þegar því er fylgt hef ég ekki miklar áhyggjur.“

*Isavia og stjórnendur fyrirtækisins hafa verið gagnrýnd fyrir ákveðnar ákvarðanir síðustu ár. Finnst þér sú gagnrýni hafa verið ósanngjörn eða ómálefnaleg?* „Isavia er fyrirtæki sem er grunnur að einni stærstu atvinnugrein landsins. Ef Isavia virkar ekki vel þá gildir það sama um greinina. Ef við gerum mistök hefur það afleiðingar og því á að fylgjast með okkur. Svo er hægt að velta því upp hvað er eðlileg gagnrýni og hvað ekki. Starfsfólk fyrirtækisins hefur gert alveg ótrúlega hluti á öllum sviðum sem fylgja rekstrinum og það eru allir að standa sig rosalega vel. Aftur á móti gerist það sundum að litil mál eða atvik sem fólk gerir athugasemd við eru blásin út. En í stóru myndinni, ef við náum að uppfylla markmið Isavia á faglegan hátt, þá erum við að standa okkur,“ segir Björn Óli.

„Við erum oft skömmuð fyrir það að færa ekki pening frá Keflavík til innanlandskerfisins. Það er okkur aftur á móti ekki heimilt að gera. Það hefur verið ákvörðun eigandans að tekjur af Keflavíkurflugvelli séu notaðar til uppbyggingar þar. Ef ákveðið verður að fyrirtækið greiði arð, þá fer sá arður beint í rikissjóð. Það er ákvörðun Alþingis en ekki Isavia hvernig fjármagna á uppbyggingu innanlandsflugvallakerfisins.“

# VIÐ PRENTUM

Fjölpóstur • Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Kynningarefni  
Dagblöð • Stafræn prentun • Allskonar!





Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu Live. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Tónleikahaldari sem mótaði draumastarfið

### Svipmynd

Ísleifur Þórhallsson

Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu Live, hefur skipulagð marga af þeim risatónleikum sem á fjórum okkar hefur rekið síðustu ár. Hann er stúdent frá Verslunarskóla Íslands og ferill hans í afþreyingarbransanum hófst þegar hann var ráðinn til Sambíóanna sem grafískur hönnuður. Eftir það lá leiðin á sjónvarpsstöðina Skjáeinn og síðar stofnaði Ísleifur viðburðafyrirtækin Event og Græna ljósið sem runnu inn í Senu. Tónleikahaldarinn situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarinn.

**Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?** Ég er enn þá að melta það að appelsínugult, ofvaxið smábarn sé leiðtogi hins frjálsa heims. Það kemur mér á óvart á hverjum degi að Donald sé enn þá í embætti. Það er engu líkara en að Chauncey Gardner hafi komist til valda (nema hvað hann meinti vel).

**Hvaða app notarðu mest?** Þessa dagana eru það New York Times og Washington Post. Ef Donald fer í stríð við Norður-Kóreu þá er fint að fréttu af því strax. Þetta eru rosalega öflugir fjölmiðlar sem eru búnir að ná góðum tókum á nýjum staf-rænum veruleika og það er gaman að fylgjast með því hvernig þeir starfa og óendanlega mikið af góðu efni sem kemur frá þeim. Ekki bara þessi stanslaus skúbb og breaking news (frá Hvíta húsinu sem hriplekur) og það allt, heldur einnig djúpar greiningar, meiriháttar rannsóknarvinna

og síðast en ekki síst, flugbeittir pennar í skoðanadálkunum, sem láta allt vaða. Þeir hjálpa manni að skilja hvernig þetta gerðist og hvað gerist næst. Það er smá hjálp í því.

**Hvað gerir þú í frístundum þínum?** Það er of lítið um frístundir og áhugamál, og stendur alltaf til að bæta úr því. En laus tími fer aðallega í að vera með fjölskyldunni, reyna að slappa af og hreyfa sig, lesa bækur, hlusta á tónlist og horfa á góðar kvikmyndir og þætti. Það er gríðarlegt framboð af góðum þáttum þannig að það hallar aðeins orðið á kvikmyndaáhorfið þessa dagana, því miður.

**Hvernig heldur þú þér í formi?** Fer í ræktina, hjóla og syndi og reyni að borða sæmilega hollan mat, forðast t.d. rautt kjöt. Og hugleiði með Headspace-appinu, helst daglega.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?** Ég er hálfgerð alæta á tónlist, sem er ágætt, þar sem starfsins vegna þarf maður að fylgjast vel með og vera opin fyrir öllu. Það viðurkennist að oft er í uppáhaldi það sem maður er að flytja inn næst! En þessa dagana er rapp og hip-hop sennilega það mest spilaða hér á bæ, menn á borð við Drake, Kendrick Lamar, Aron Can og Sturla Atlas eru ofarlega á öllum mínum playlistum. En líka bönd á borð við Alt-J og Twenty One Pilots. Ég er a.m.k. stoltur af því að hafa ekki fest í þeirri tónlist sem ég hlustaði á tvtugur eins og margir í kringum mann virðast hafa gert.

**Ertu í þínu draumastarfi?** Það má segja að ég hafi búið þetta starf til (með hjálp góðra manna) þannig að ég get svarað þessu með öruggu jái og það eru mikil forréttindi að geta gert það.

# Er kominn tími á að fjárfesta erlendis?

**Agnar Tómas Möller**  
framkvæmdastjóri sjóða hjá  
GAMMA Capital Management.

Margir innlendir fjármagnseigendur eru að spyrja hvenær eigi að byrja að fjárfesta erlendis. Stutta svarið er: „Núna!“ Þótt allt bendi til þess að undirstöður íslenska hagkerfisins séu ákaflega traustar á sama tíma og vaxtamunur við útlönd er í met-hæðum, hefur raungengi íslensku krónunnar styrkst mjög undanfarin misseri. Þótt vissulega sé innistæða fyrir umtalsverðri raungengishækkun krónunnar er verðsamanburður á milli Íslands og þróaðra stórborga slíkur að talsverðar líkur hljóta að vera á einhverri leiðréttingu til lengri tíma.

Sem dæmi þá kostar stór samsettur matseðill á einum þekktasta veitingastað Lundúna, Nobu, um 20 prósent minna en sjö rétta seðill á Dill veitingastað. Kaffi á Pret-à-Manger kostar helmingi minna en á flestum íslenskum kaffihúsum, upphafsgjald leigubíla er tvöfalt lægra og það sem mestu skiptir, lágmarkslaun í Bretlandi eru meira en þriðjungur lægri en á Íslandi. Raungengi pundans er enda um 20 prósent veikara en eðlilegt sögulegt meðaltal á móti krónu, og 10 prósent veikara en það fór lægst fyrir hrun. Svipaða sögu mætti segja víða annars staðar.

### Blómaskeið fjármagnseigenda

Undanfarin ár hafa verið sannkallað blómaskeið íslenskra fjármagnseigenda. Raunvextir Seðlabankans hafa verið nálægt fjórum prósentum að meðaltali frá ársbyrjun 2014 og verðbólga hefur einungis mælst 1,75 prósent að jafnaði, vel undir verðbólguþröngmiði Seðlabankans. Á sama tíma hafa skuldaþröngmiði, mælt með skuldabréfavisitölu-sjóði GAMMA (GAMMA: INDEX), skilað góðri ávöxtun eða um fimm prósent raunávöxtun að jafnaði. Síðast en ekki síst þá hefur krónan styrkst um rétt rúmlega 50 prósent og þar af leiðandi aukið virði innlendra fjárfestinga gríðarlega, mælt í erlendum gjaldmiðlum (í því ljósi er vert að hafa í huga að krónan er minnsti sjálfstæði gjaldmiðill í heimi).


Undir eðlilegum kringumstæðum hefði mátt ætla að eftir næri níu ár í höftum, hefði uppsöfnuð fjárfestingarþörf innlendra fjármagnseigenda verið slík að krónan hefði gefið talsvert eftir í kjölfar haftaafnáms. Hið þveröfuga hefur hins vegar gerst. Áhugi innlendra fjárfesta á að fjárfesta erlendis hefur verið litill á sama tíma og kaup erlendra aðila á íslenskum eignum hafa aukist eftir að höftum var aflétt.

### Vaxtamunurinn stenst ekki


Hvers vegna er litill áhugi á erlendum fjárfestingum í dag?

Líkt og margoft hefur komið fram er raunvaxtamunur Íslands nálægt sögulegu hámarki, bæði horft til skamms og lengri tíma. Sé lítið til þess að munur á skuldaþröngmiðum Íslands og flestra ríkja með hæstu lánsþæfis-einkunn er einungis rúmlega hálf prósent, er áhættuleiðrættur raunvaxtamunur ógnarhár; eða um fjögur prósent við helstu Evrópu-

### Hrein erlend eignastaða (% af VLF)



### Skuldir hins opinbera (% af VLF)



Undanfarin ár hafa verið sannkallað blómaskeið íslenskra fjármagnseigenda. Raunvextir Seðlabankans hafa verið nálægt fjórum prósentum að meðaltali frá ársbyrjun 2014 og verðbólga hefur einungis mælst 1,75 prósent að jafnaði, vel undir verðbólguþröngmiði Seðlabankans.

ríki og um 3,5 prósent við Bandaríkin.

Tvær myndir, annars vegar úr nýjustu Peningamálu Seðlabankans og hins vegar úr seinasta Fjármála-stöðugleikariti sama banka, sýna ágætlega af hverju svo hárhættuleiðrættur raunvaxtamunur getur með engu móti staðist með tilliti til stöðu þjóðarþúsins, og leitt til annars en mikilla sveiflna í gengi íslensku krónunnar.

Fyrri myndin sýnir ótrúlega

breytingu á hreinni erlendri eignastaðu þjóðarþúsins sem er í dag talsvert betri en miðgildi helstu Evrópuríkja. Seinni myndin sýnir spá fjármálaráðuneytisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um þróun skulda hins opinbera samanborið við valin samanburðarríki. Samkvæmt því verða skuldir hins opinbera á svipuðum slóðum og hjá ríkjum með hæstu mögulegu einkunn lánsþæfismatsfyrirtækjanna.

Þótt mjög jákvæður viðskiptaþöfnuður muni í einhverri tíma enn halda áfram að þrýsta á enn frekari styrkingu krónunnar, mun sú þróun smám saman grafa undan getu hagkerfisins til að standa undir svo sterku raungengi. Ekki má gleyma að höftin heyrna nú sögunni til að mestu leyti og væntingar geta haft mun meiri áhrif til skemmri tíma á gengi krónunnar en afgangur af vöru og þjónustu. Óvæntar og slæmar fréttir af útflutningsgreinum gætu snúið væntingum mjög hratt og leitt til tímabundins útlæðis krónunnar og snarps gengisfalls. Þótt slíkar sveiflur gætu gengið hratt til baka, gætu tímasetningar fjárfesta á erlendum fjárfestingum í slíkum sveiflum verið óheppilegar.

### Alþjóðleg eignadreifing

Hve mikið ættu fjárfestar að fjárfesta erlendis?

Innan nokkurra ára, þegar meira jafnvægi hefur vonandi myndast á gengi krónunnar, munu innlendir fjárfestar horfa frekar til þess hve miklu af eignum sínum þeir vilja fjárfesta á Íslandi heldur en hve mikið þeir vilja fjárfesta erlendis. Enda er talsverð mótsögn í því að minnsti gjaldmiðill í heimi sé upphaf og endir í eignasöfnunum fjárfesta sem vilja áhættudreifa eignum sínum. Þótt eignaverð kunní að hækka áfram á Íslandi og krónan sömuleiðis að styrkjast eitthvað, eru allar líkur á að styrkingin muni enda í yfirskoti og sveiflur verði miklar, einkum vegna mikils vaxtamunar við útlönd. Það er í raun enginn vafi á því að hluti eignasafna fjárfesta, þó ekki væri nema 10 til 20 prósent, ætti að fara í erlendar fjárfestingar í dag. Fjárfestar ættu að horfa á hversu mikinn erlendan gjaldeyri þeir eiga í söfnun sínum en ekki eingöngu hversu margar krónur fást fyrir gjaldeyrinn á hverjum tíma. Það er víst að í dag eru þær mjög margar!

**Sjónvarpsdreifikerfi**  
fyrir hótél, gistiheimili og skip.

**ÖREIND** – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK RÁFVERKTAKA



Skólabílar, áhafnarrútur og ferðamannarútur

# IVECO BUS

NÝLEGA KOSINN ALÞJÓÐLEGUR MINIBUS ÁRSINS 2017

International Minibus of the Year 2017



## IVECO DAILY MINIBUS

Fáanleg með 16–22 farþegasætum.

Algeng útfærsla er fyrir 19 farþega.

Frábærlega útfærð og hönnuð smárúta frá Iveco Bus. Ein öflugasta bifreiðin í flokki rúta með 6.500 kg heildarþyngd státar af sterkum undirvagni, mjúkri og sterkri fjöðrun og einstökum aksturseiginleikum. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Þægindi farþega eru í fyrirrúmi og stórir gluggar auka á það, góð loftræsting og þægileg hljóðvist. Hægt er að panta rúturna með fjölbreyttri sætaskipan og breiðu úrvali aukahluta. Mikið er lagt upp úr öryggi farþega og uppfylla allar smárútur frá Iveco Bus yfstrustu öryggiskröfur og Evrópustaðla svo sem ECE 66\*.



## IVECO DAILY TOURIST COACH

Fáanleg með 20–31 farþegasæti.

Algeng útfærsla er fyrir 27 farþega.

Afburða vel útfærð smárúta sem tekur allt að 31 farþega og er á einstöku verði. Undirvagninn er Iveco Daily 70C sem leyfir heildarþyngd allt að 7,2 tonnum. Yfirbygging er úr trefjaplasi og stoðgrind úr ryðfríu stáli. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Rúmgóðar farangursgeymslur, björt og rúmgóð yfirbygging og fjölbreytt úrval afþreyingarkerfa einkenna þessa bíla. Mikið er lagt upp úr nýjustu tækni og góðri aðstöðu fyrir ökumann. Daily Tourist Coach er fullbúin eftir yfstrustu öryggiskröfum og uppfyllir alla Evrópustaðla svo sem ECE 66\*.

\*Öryggispróf og staðall þar sem áhersla er lögð á styrk yfirbyggingar við veltu.





## Skotsilfur



## Minntist ekkert á Ísland

Það vakti athygli á dögnum þegar **Monica Caneman** ákvað að hætta sem stjórnarformaður Arion banka. Það var ekki síst tímasetningin sem kom á óvart enda hefur bankinn verið að undirbúa sig undir skráningu á markað, meðal annars í Svíþjóð, heimalandi Monicu, en hún hefur setið í stjórnnum fjölmargra fjármálafyrirtækja á Norðurlöndum. Á meðal þeirra er danska greiðslukortafyrirtækið Nets þar sem Monica tók sæti fyrir um einu ári. Af því tilefni sendi Nets frá sér tilkynningu þar sem fram kemur að Monica hefði frá 2001 setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, bæði innan og utan fjármálagæirans. Monica sá hins vegar ekki ástæðu til að nefna stjórnarsetu sína í íslenskum banka.



## Breti við stýrið

Fjárfestirinn **Birgir Þór Bialtvedt** steig um síðustu mánaðamót úr stóli stjórnarformanns Pizza Pizza ehf. David James Wild, forstjóri Domino's Pizza Group (DPG) í Bretlandi, tók þá við en Birgir situr enn í stjórn sérleyfishafa Domino's á Íslandi. Af breytingunni að dæma hefur Seðlabanki Íslands samþykkt kaup DPG á tveggja prósent hlut til viðbótar í félaginu sem tryggði Bretunum ráðandi hlut eða 51 prósent. Tilkynnt var um kaupin í mars og eins og Markaðurinn hefur greint frá telur DPG að fjölga megi pitsustöðum keðjunnar hér á landi um níu eða 42 prósent.



## Tekur við Marinó

Arion banki hefur fyllt í skarð Marinós Arnar Tryggvasonar sem var nýlega ráðinn aðstoðarforstjóri Kviku fjárfestingarbanka. Eftirmaður Marinós eignastýringar verður **Hjörleifur Arnar Waagfjörð** en hann hafði nýlega tekið til starfa hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni, dótturfélagi Arion banki. Hjörleifur er fyrrverandi samstarfsmaður Marinós eftir að hafa starfað um nokkurra ára skeið sem sjóðstjóri í eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka.



## Teflt við vélmenni í Taípei




Tölvu- og tæknisýningin Computex hófst í Taípei á Taívan í gær og stendur til 3. júní. Þar safnast saman um 1.600 fyrirtæki í yfir 5.000 sýningarbasum. Þema sýningarinnar í ár er gervigreind, þjarkataekni og sýndarveruleiki. Gestum gefst meðal annars tækifæri til að tefla við vélmenni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ætti að fá nýtt markmið



Lars Christensen  
alþjóðahagfræðingur

## Seðlabankinn hefur skotið yfir markið



boðspáttum (til dæmis innflutningsverði eða framleiðni) og eftirspurnarþáttum. Seðlabankinn hefur í raun fulla stjórn á eftirspurnarhlið hagkerfisins (ef hann vill) en enga stjórn á framboðshlið hagkerfisins.

Þar af leiðandi er það frekar heimskulegt að neyða Seðlabankann til að standa skil á markmiði sem hann hefur ekki fulla stjórn á – að minnsta kosti til skamms tíma. Með öðrum orðum hefur Seðlabankinn markmið um 2,5% verðbólgu sem er mæld með neysluverðsvísitölu. En vandamálið er að þar sem Íslendingar flytja inn mestan hluta neysluvara sinna er hætt við

markmiði um nafnvirði launahækkana á Íslandi.

Til meðallangs og lengri tíma yrði það það sama og verðbólgu markmið en til skamms tíma væri það öðruvísi og myndi greinilega draga úr hættunni á bólu myndun. Ef allt væri eins og best yrði á kosið ætti Seðlabankinn að hafa markmið um nafnlaunahækkun sem væri summan af langtíma framleiðniaukningu og 2,5% verðbólgu. Ef við gerum ráð fyrir 2,5% framleiðniaukningu og 2,5% verðbólgu myndi það fela í sér markmið um 5% nafnlaunahækkun.

Línuritíð sýnir þessar mælingar síðan 2011 (tímabilið eftir kreppuna). Við sjáum að ef við lítum á verðstigið hefur Seðlabankinn skotið yfir markið hvað verðbólgu markmiðið varðar síðan 2011. En það er jafnvel enn verra ef við lítum á nafnlaunastigið (leiðrétt miðað við 2,5% framleiðniaukningu á ári). Og þetta er það sem ég er að meina. Ef við lítum á neysluverðsvísitöluna þá getur verðbólgan enn verið undir markmiðinu á en eftirspurnarþrýstingurinn veldur meiri áhyggjum og hann segir okkur að skörp verðbólguhækkun gæti verið handan við hornið.

En aðalmálið er ekki hvernig Seðlabankinn ætti að bregðast við þessu heldur það að við þurfum að breyta markmiði Seðlabankans og það fyrir en seinna.

## Framandi framtíðarstörf



Heiðrún Lind Marteinsdóttir  
framkvæmdastjóri SFS og FKA-félagsskona

Fyrir nokkru birti PriceWaterhouseCoopers í Bretlandi skýrslu um efnahagshorfur þar í landi. Ein meginniðurstaða skýrslu þessarar var sú að 30% núverandi starfa í Bretlandi verði fyrir áhrifum

sjálfvirkni á næstu 15 árum. Hin aukna sjálfvirkni felst þá í aukinni nýtingu vélmanna og gervigreindar til að leysa verkefni sem manneskjan hefur til þessa haft með höndum. Talið er að 38% starfa í Bandaríkjunum og 35% starfa í Þýskalandi verði fyrir sambærilegum áhrifum á þessu sama tímabili.

Þær atvinnugreinar sem taldar eru að verði fyrir mestum áhrifum tækniframfara eru flutningar, framleiðsla, heildsala og smásala. Hefðbundin karlastörf eru líklegri til

ad verða fyrir áhrifum en kvennastörf og störf sem krefjast aukinnar menntunar eru ólíklegri til að verða fyrir áhrifum sjálfvirkni heldur en störf sem krefjast lítillar menntunar.

Þess skal getið að háskólamenntun er ekki trygging fyrir því að störf þess fólks verði ónæm fyrir aukinni tækni. Sem dæmi má nefna að fyrir nokkru voru sagðar af því fréttir í Bandaríkjunum að lögmenn gætu orðið næsta starfsstétt þar sem tölvur leystu fólk af hólmi. Nú er meðal annars unnt að nýta gervigreind til

ad verðbólgan, eins og hún mælist með neysluvísitölunni, sveiflist upp og niður með innflutningsverðinu og þar með genginu. Seðlabankinn getur í meginatriðum stjórnað því en ef hann gerði það myndi það þýða að bankinn þyrfti að bregðast við framboðsrykkjum, en það gæti varla talist góð stefna.

Tillaga mín væri því að breyta markmiði Seðlabankans yfir í markmið um nafneftirspurn í hagkerfinu. Þetta gæti verið markmið um peningaframboð eða nafnvirði vergrar landsframleiðslu. Báðar þessar leiðir hafa hins vegar sína vankanta og þess vegna myndi ég mæla með

huga að endurmenntun og aðlögun þeirra starfsmanna sem verða fyrir áhrifum sjálfvirkni og á stjórnvöldum hvílir að mennta komandi kynslóðir í skapandi og gagnrýninni hugsun. Þó enginn geti með nákvæmni sagt hvert verði eðli starfa í framtíð, þá er í öllu falli ljóst að sú tæknibylting sem þegar er komin á fleygiferð kallar á viðtæka tækni- og iðnnenntun. Boltinn er því hjá menntakerfinu og nú ríður á að glutra ekki úr höndum okkar einstöku sóknarfæri.



# KYNNINGARAFLÁTTUR AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM



**-15%**

STYL VISITOR  
13.900 kr.  
**11.800 kr.**



**-15%**

SITNES HIGH BOB  
HEILSUKOLLUR  
44.500 kr.  
**37.800 kr.**



**-15%**

5 ára ábyrgð  
NAVIGO  
SKRIFBORÐSSTÓLL  
49.900 kr.  
**42.400 kr.**

## RAFMAGNSBORÐ

Dönsk hönnun, frábær verð  
frá PRIMA Twilum



VINSÆLASTA  
VARAN

PRIMA  
RAFMAGNSBORÐ  
120 X 80  
**56.000 kr.**

PRIMA  
RAFMAGNSBORÐ  
150 X 80  
**58.600 kr.**

PRIMA  
RAFMAGNSBORÐ  
180 X 90  
**67.800 kr.**

Fjöldi lita í boði. Borðin eru einnig til án rafmagns.  
Nánari upplýsingar fást í verslun okkar að Síðumúla 37.

## KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU SITJUM Á HREYFINGU

**wagner**

Einu stólarnir  
með 360°  
Dondola  
veltitækninni.  
10 ára ábyrgð\*



**-50** þúsund  
krónur!

WAGNER  
ERGOMEDIC 100-3  
199.700 kr.  
**149.700 kr.**



\*5 ára ábyrgð á neti, pumpu,  
armpúðum og Dondola



Þið finnið  
okkur  
á Facebook

**Hirzlan**  
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37,  
108 Reykjavík  
Sími: 564-5040  
hirzlan@hirzlan.is  
hirzlan.is



## Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

## Frelsum leigubíla

Eftirlitsstofnun EFTA gaf nýverið út leiðbeinandi álit um fyrirkomulag leigubílaþjónustu í Norge. Niðurstaðan var sú í stuttu máli að kerfið þverbryti gegn EES-samningnum hvað varðaði veitingaferlið sjálft, fjöldatakmörkanir leyfa og þá staðreynd að gerð er krafa um að leigubílar tilheyri leigubílastöð. Ljóst er að tveir síðustu þættirnir hið minnsta eru til staðar hér á landi og því líklegt að stofnunin kæmist að sömu niðurstöðu hvað varðar Ísland.

Nú er það þannig að ýmiss konar framfarir hafa orðið í leigubílaþjónustu frá því að þessu gamla einokunarkerfi var komið á. Margir Íslendingar hafa til að mynda kynnst smáforritinu Uber á ferðum sínum. Uber, sem starfar nú orðið í flestum stórborgum, býður notendum upp á að panta leigubíla gegnum snjallforrit. Hægt er að velja um margar gerðir bíla, bíð er sjaldnast meiri en nokkrar mínútur og gerðar eru strangar kröfur um ástand og bakgrunn bæði bíla og ökumanna. Þjónusta Uber kostar sömuleiðis talsvert minna en hefðbundin leigubílaþjónusta.

Neytendur hafa líka tekið Uber fagnandi en um 40 milljónir manna ferðast með bílum á vegum Uber í hverjum mánuði.

Hið sama verður þó ekki sagt um stjórnvöld sumstaðar sem því miður hafa látið eftir hagsmunaoöflum og reynt að leggja stein í götu Uber. Sem dæmi má nefna Dani sem innleiddu sérstaka löggjöf til höfuðs þjónustunnar. Sams konar hindranir hafa líka skotið upp kollinum í Frakklandi.

Á Íslandi er þetta úrelta aðgangskerfi, sem er nú að öllum líkindum í andstöðu við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, þrándur í götu Uber og annarra sem myndu vilja setja sambærilega þjónustu á laggirnar. Pawel Bartozcek þingmaður vakti máls á því á Alþingi á dögunum hvort ekki stæði til að bregðast við álit EFTA:


„Samgöngur myndu batna, bíðradir eftir skutli um helgar myndu þurrkast út, bílar gætu nýst betur. Við ættum að bregðast við frelsi með gleði en ekki tortryggni. Við ættum að spyrja okkur sjálf: Ef við værum að skrifa þessi lög í dag myndum við komast að þessari niðurstöðu sem við búum við?“

Þetta er akkúrat kjarni málsins. Frelsum leigubíla.



## Friðjón Þórðarson til GAMMA

Friðjón Þórðarson, sem starfaði meðal annars sem forstöðumaður verðbréfamíðlunar Virðingar á árunum 2007 til 2008, hefur verið ráðinn til GAMMA Capital Management. Mun Friðjón starfa við sérhæfðar fjárfestingar hjá GAMMA, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Friðjón hefur á undanförunum árum meðal annars unnið fyrir fjárfestingarfélagið Varða Capital.



Friðjón Þórðarson

GAMMA hefur á undanförunum aukið talsvert umsvif sín, meðal annars með opnun skrifstofu í London, og þá vinnur félagið að því að hefja starfsemi í New York og Zürich síðar á árinu. Hagnaður GAMMA á síðasta ári nam 846 milljónum og tvöfaldaðist frá fyrra ári. Eignir í stýringu voru rúmlega 115 milljarðar í lok síðasta árs. – hae

29.5.2017

Það má vera að ófyndin framsetning hans í ástarjåtningu til evrunnar sé fyndin í þröngum hópi Viðreisnar, en ég hygg þó að fleiri séu undrandi á þessari framkomu.


Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 90%

af lesendum dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



\*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild: Prentmiðlamæling Gallup jan.-mars 2017.

Allt sem þú þarft ...

